

Dalvíkurbyggð

Stefna og skipulag fræðslumála

Skólasamfélagið

Yfirstjórn fræðslumála og ábyrgð

Dalvíkurbyggð leggur metnað sinn í að skapa skólasamfélagi sínu góðar aðstæður í aðbúnaði og innra starfi. Skólastefna Dalvíkurbyggðar, lög og námskrár, leggja grunn að hugmyndafræði, inntaki og skipulagi fræðslustarfs. Fræðsluráð Dalvíkurbyggðar fer með fræðslumálefni sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

Hlutverk fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar er að vinna að fræðslumálum samkvæmt stefnumótun og starfa að verkefnum sínum í samvinnu við skólastjórnendur og fræðsluráð. Fagleg forysta á skólaþróun og ábyrgð á rekstri hvers skóla er í höndum skólastjóra og önnur stjórnun innan skólans er skilgreind í skólanámskrá.

Fræðslusvið

Fræðslusvið nær yfir málefni grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, símenntunar og framhaldsskóla. Fræðslusvið fylgist með framkvæmd skólahalds, hefur yfirumsjón með áætlanagerð og almennt eftirlit með fræðslustarfi.

Ráðgjöf

Fræðslusvið skipuleggur lögbundna sérfræðipjónustu, þar með talið sálfræðipjónustu. Einnig veitir hún öllum skólum faglega og rekstrarlega ráðgjöf ásamt aðstoð við úrlausn einstaklingsmála þegar þess er óskað. Markmið ráðgjafar er að gera skólastarf öflugra og starfsfólk sjálfstæðara við úrlausn viðfangsefna sem upp koma í daglegu starfi. Leitast er við að hafa margvísleg úrræði til að mæta sérþörfum nemenda. Fræðslusvið er í samstarfi við félagssvið Dalvíkurbyggðar og heilsugæslu um forvarnir og úrlausnir og eiga foreldrar kost á sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi vegna uppeldi barna sinna. Lögð er áhersla á að starfsmenn fræðslusviðs hafi þá fagmenntun sem þarf til að sinna þeim verkefnum. Aðgang að ráðgjafapjónustunni hafa nemendur, starfsmenn skólanna og foreldra.

Endurmenntun, þróunarstarf og mat.

Hlutverk fræðslusviðs er að styðja og hvetja skólana til framsækings skólastarfs með skólastefnu Dalvíkurbyggðar að leiðarljósi. Það gerir fræðslusvið með því að vera samstarfsaðili við gerð og framkvæmd á:

- **Endurmenntunaráætlun** sem tekur mið af markmiðum skólanna og þróunaráætlunum svo og símenntunarþörf einstakra starfsmanna
- **Mati** svo sem sjálfsmati og úttektum í þágu áætlunargerðar til þróunar skólastarfs.
- **Þróunarstarfi** í samræmi við markmið skólanna.

Samstarf skóla

Allir skólar Dalvíkurbyggðar sem þjóna eins til sextán ára börnum hafa með sér gott samstarf í þágu nemenda og heimila. Lögð er áhersla á að stilla saman skóladagatöl allra skólanna. Tónlistarskóli starfar í nánú samstarfi við grunnskóla þar sem hagsmunir nemenda og nýting mannauðs er höfð að leiðarljósi. Samvinna á mótum leik- og grunnskóla er sérstaklega mikilvæg og er hluti skólanámskrár skólanna. Samstarf grunn- og framhaldsskóla miðar markvisst að því að auka sveigjanleika í lengd grunnskólagöngu nemenda og gefur þannig færi á fljótandi skilum milli þeirra skólastiga.

Skólavistun – að loknum grunnskóladegi.

Fræðslusvið ber ábyrgð á því að öll grunnskólabörn á aldrinum sex til níu ára eigi kost á dvöl í skólavistun. Tíu til sextán ára börn sem eiga lögbundinn rétt á lengdri viðveru eiga einnig kost á skólavistun..

Skólastefna

Grunnskólinn

Pekking og færni – virðing og velliðan

Starf grunnskólans grundvallast á jafnrétti allra nemenda og því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skulu sköpuð námsskilyrði svo hann megi á eigin forsendum þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur; jákvæður, fær og fróður.

Grunnskólinn er undirbúningur fyrir ófyrirsjáanlega framtíð. Áhersla er lögð á að efla og styrkja sjálfsþekkingu nemenda svo að þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við síbreytilegar aðstæður í veruleika framtíðarinnar.

Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ein liðsheild. Daglegur rekstur og samskipti þeirra einkennast af lausnamiðaðri nálgun, virðingu fyrir hverjum einstaklingi, jákvæðni og metnaði til árangurs.

Grunnskóli Dalvíkurbyggðar sýnir í skólanámskrá sinni leiðir að markmiðum skólastefnunnar þar sem fram kemur í starfsáætlun hans hvaða skref skólinn hefur stigið og hver eru þau næstu.

Grunnskóli Dalvíkurbyggðar – tvær megin starfsstöðvar

Grunnskóli Dalvíkurbyggðar er einn grunnskóli með tvær megin starfsstöðvar, Árskógarskóla og Dalvíkurskóla. Nemendur 1. – 8. bekkjar geta sótt hvorn skólann sem er, en skólaakstur miðar að þjónustu við hvort skólahverfi fyrir sig. Nemendur 9. og 10. bekkjar sækja Dalvíkurskóla. Yfirstjórn grunnskólans leiðir og stýrir daglegum rekstri beggja starfsstöðva með áherslu á:

- faglega samvinnu og nýtingu mannaúðs
- sérstöðu hvors kennslustaðar
- aðstæðubundnar leiðir að markmiðum.

Starfsfólk og aðbúnaður

Grunnskóli Dalvíkurbyggðar leggur áherslu á að við hann starfi áhugasamt og hæft starfsfólk með fjölbreytta menntun. Auk kennara, sérkennara og skólaliða starfi þar þroskaþjálfari, iðjuþjálfari og námsráðgjafi sem hafi þverfaglegt samstarf varðandi ráðgjöf og stoðþjónustu innan skólans. Áhersla er á teymisvinnu við lausnaleit og skipulag. Allt starfsfólk fær hvatningu og tækifæri til að bæta við og viðhalda faglegri hæfni sinni. Lögð er áhersla á að endur- og símenntun haldist í hendur við þróunarstarf skólans.

Mikilvægt er að starfsfólk búi við góða vinnuaðstöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu í samræmi við starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar.

Markmið og áherslur

Samfélag og umhverfi

Samfélagið er fjölbreytt hvað varðar atvinnuhætti, búsetu, mannlíf, þjóðerni og menningu. Skólinn nýtir sér þá auðlind og leggur áherslu á góð tengsl við samfélagið með það að markmiði að byggja upp jákvæða **samfélagsvitund** nemenda. Þá er hið margbreytilega umhverfi og náttúra hluti af námsaðstæðum og tækifæri til eflingar **umhverfisvitundar** nemenda.

Þetta má meðal annars sjá í:

- markvissu samstarfi skóla og atvinnulífs
- starfsnámi í samstarfi við fyrirtæki
- samstarfi við íþróttafélög, björgunarsveitir, klúbba og annað æskulýðsstarf
- tengslum við aldraða
- markvissu samstarfi við bókasafn, héraðskjalasafn og byggðasafn sveitarfélagsins
- samspili við fjölmenningu samfélagsins
- umhverfis- og náttúrlífskennslu sem er samofin fræðslu um nýtingu náttúruauðlinda sveitarfélagsins
- markvissum samstarfsverkefnum við aðra skóla jafnt innan lands sem utan.

Heimili og skóli

Skólinn leggur ríka áherslu á öflugt **samstarf** heimila og skóla þar sem **sérþekking foreldra** á börnum sínum og **sérþekking starfsfólks** skóla á skipulagi og starfi skólans fléttast saman og er forsenda árangursríks skólastarfs. Mikilvægt er að samstarfið byggi á **gagnkvæmu upplýsingastreymi, trausti, og virðingu.**

Þetta má meðal annars sjá í að:

- litið er á nám nemenda sem samstarfsverkefni nemandans, foreldra og kennara
- skólinn er ætíð opinn foreldrum og veitir þeim upplýsingar og fræðslu um innra starf skólans
- heimanám er sameiginleg ákvörðun foreldra og kennara
- foreldrahandbók með nauðsynlegum upplýsingum um skólann og skólastarfið eru aðgengilegar fyrir alla nýja foreldra, helst á viðkomandi móðurmáli
- heimasíður eru virkar og notendavænar þar sem finna má allt er viðkemur barna- og unglíngastarfi samfélagsins
- viðburðir tengdir einstaka bekkjardeildum eru sameiginlegt verkefni foreldra, nemenda og skólans
- skólinn styður foreldra í samvinnu þeirra um hagsmuni barnanna
- skólinn hefur forgöngu um samvinnu við foreldrafélög um fræðslu um skóla- og uppeldismál með fyrirlestrum og námskeiðum.

Aðbúnaður og skipulag

Aðalsmerki skólans er námsumhverfi sem **hvetur** til **náms** og **þroska** og stuðlar að **vellíðan og heilbrigðu lífni**. Skipulag miðast við **samfelli** í dagskipulagi og sátt við **nærumhverfi**.

Þetta má meðal annars sjá í:

- fjölbreyttu og góðu námsumhverfi í öllum námsgreinum, hvað varðar húsnaði, húsbúnað og tæki, sem svarar kröfum tímans og uppfyllir öryggiskilyrði

- verkum nemenda sem eru sýnileg og gert hátt undir höfði bæði innan og utan veggja skólans
- staðblæ sem einkennist af mannrækt og lærdómsumhverfi
- skólalóðum sem bjóða upp á fjölbreytta, góða og örugga aðstöðu til útivistar og hreyfingar í leik og starfi
- áherslum á útivist og hreyfingu
- mótuneyti með heitum og hollum mat fyrir alla nemendur
- skólaakstri sem hefur velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi og er skiplagður í samræmi við stundaskrár
- að gönguleiðir og aðkoma skóla tekur mið af öryggi nemenda á leið þeirra til og frá skóla
- fjölbreyttu og sveigjanlegu skipulagi skóladagsins sem setur nemendur og þarfir þeirra í öndvegi
- samfelldum vinnudegi nemenda þar sem frístundastarf er tengt skóladeginum.

Nám við hæfi

Nám og starf sérhvers nemanda miðast við þarfir og getu þar sem sterkar hliðar hans fá að njóta sín. **Samvinna** er aðalsmerki allrar vinnu nemenda og **einstaklingsmiðun** í námi þar sem **ábyrgð nemenda** á eigin námi er höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla til jafns á **bókvit** og **verksvit**.

Þetta má meðal annars sjá í:

- fjölbreyttum kennsluháttum á öllum skólastigum sem tekur mið af öllum greindarsviðum
- samþættingu námsgreina á öllum skólastigum
- upplýsingatækni sem er samofinn öllu námi
- samkennslu árganga og margbreytilegri hópaskipan nemenda
- útikennslu þar sem náttúra og umhverfi skapa námsaðstæður
- fjölþættu og leiðbeinandi námsmati sem tekur mið af námsmarkmiðum sérhvers nemanda og kennsluáðferðum
- skipulegum skimunum og einstaklingsmati
- fjölbreyttum námstilboðum með sérstakri áherslu á list-og verkgreinar.

Þátttaka og siðvit

Námsumhverfið mótast af **lýðræðislegri** umræðu og **þátttöku** nemenda, **virðingu**, **samhug** og **gleði**. Áhersla er lögð á félagslega **siðferðisvitund**.

Þetta má meðal annars sjá í að:

- áhersla er lögð á þátttöku og færni nemenda í ákvarðanatöku og sjálfstæðri hugsun
- agastjórnun tekur mið af uppbyggjandi aðferðum
- forvarnarstarf er markviss hluti skólastarfs og unnið í samvinnu við félagssvið Dalvíkurbyggðar, heilsugæslu og lögreglu.
- Olweusar áætlun stýrir og mótar forvarnarstarf og viðbrögð gegn einelti
- tækifæri er til að taka þátt í félags- og tómsundastarfi í tengslum við félagsmiðstöð
- unnið er með viðfangsefni er varða sjálfsþekkingu, samskipti og lífsstíl
- markviss samvinna er milli nemenda óháð aldri.